

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



Dags eftirlits	22.5.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás hf, Akureyri	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Gíslason	Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Staðfest er að skipulag á svæðinu er betra en í síðustu eftirlitum en áfram verður fylgst með úrgangsmagni og skipulagi á svæðinu. Í eftirlitinu komu fram sex ný frávik og eitt eldra frávik er varðar skipulag á svæðinu var staðfest. Ein athugasemd var gerð varðandi umgengni utan girðingar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Samráðsfundur var haldinn samhliða eftirlitinu skv. gr. 1.9 í starfsleyfi.

Töluvert hefur verið hreinsað til á svæðinu frá síðasta eftirliti og skipulag er orðið nokkuð betra, þónokkur vinna er eftir hvað það varðar. Unnið er eftir úrbótaáætlun vegna magns úrgangs og skipulags á svæðinu. Mikið magn af dekkjum er á svæðinu en skipað verður út í næstu viku og er áætlað að allur dekkjaúrgangur fari af svæðinu í þeirri ferð. Magn brotjárnns hefur minnkað umtalsvert frá seinustu eftirlitum, jafnframt er búið að pressa töluvert magn af bílum. Samkvæmt úrbótaáætlun var áætlað að skipulagningu lóðar yrði lokið í apríl/maí 2017. Rekstraraðili hefur hafið uppsetningu steyptra millilveggja á milli úrgangsflokka skv. úrbótaáætlun en þó er mikið verk eftir þar. Áætlað er að eftir næstu uppskipun sem á að fara fram í ágúst verði lokið við að aðgreina efnishólfin að fullu. Enn á eftir að steypa mikið af steinum sem notaðir eru í milliveggina. Mikið magn af timbri er á svæðinu og fer kurlun fram daglega. Kvartanir hafa bæði borist rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna ryks og lyktar sem dreifist um nærsvæðið þegar verið er að kurla timbur og vinna í timburhaugum.

Uppröðun í spilliefnageymslu er betri en í síðustu eftirlitum, þónokkur vinna er þó eftir til að koma aðstöðinni í gott horf. Mikilvægt að spilliefni séu aðgreind frá öðrum úrgangsflokkum og snyrtilega sé gengið um aðstöðuna. Merkingum á flutningskerjum fyrir spilliefni er ábótavant.

Svæðið er afgirt og vaktað allan sólarhringinn. Girðing er rofin á einum stað sem gerir svæðið aðgengilegt utan að komandi. Umgengni utan girðingar á svæðinu er ekki nægilega góð, austan við girðinguna er múrbrot og mikið af rusli í skurði. Rekstraraðila er bent á að taka til á nærsvæði stöðvarinnar og hreinsa upp múrbrot og annað rusl sem er fyrir utan girðingu. Einnig er bent á að ekki er heimilt að geyma gáma utan girðingar nema með sérstöku leyfi byggingarstjóra en töluvert af gámum er á plani ofan girðingar.

Olúskilja og sandfang hafa ekki verið þjónustuð frá síðasta eftirliti. Kominn er tími á tæmingu og taka skal sýni fyrir og eftir tæmingu. Minnt er á að kvittanir fyrir tæmingu skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Lítið sem ekkert er í söfnunarpró og því ekki ástæða til tæmingar. Niðurstöðum sýnatöku úr fráveitu var skilað þann 7. apríl sl. en niðurstöðurnar benda til þess að sýnið hafi ekki verið tekið á réttan hátt. Óskað var eftir því í eftirliti að sýnataka yrði endurtekinn og niðurstöður sendar eftirlitsaðila um leið og þær berast.

Allir nýir starfsmenn fá þjálfun í meðhöndlun spilliefna og verklýsingar voru aðgengilegar í möppu starfsmanna. Enginn umhverfisslys eða óhöpp hafa verið skráð síðan í síðasta eftirliti. Neyðaráætlun var ekki aðgengileg í eftirlitinu og Grænu bókhaldi og niðurstöðum skráninga fyrir 2016 hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

Frávik frá**Lýsing á fráviki**

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili tekur á móti timbri til kurlunar á svæðinu. Ekki er heimild fyrir þeirri móttöku í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að senda tilkynningu til Umhverfisstofnunar um breytingu á rekstri skv. gr. 1.4 í starfsleyfinu og 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999 og stöðva móttöku og vinnslu timburs á svæðinu nú þegar, þar til leyfi hefur fengist til móttöku timburs.

Gr. 1.7 í starfsleyfi

Neyðaráætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila í eftirliti eins og kveðið er á um í gr. 1.7 í starfsleyfi. Rekstraraðili fann áætlunina að eftirliti loknu og verður hún send rekstraraðila að lokinni endurskoðun.

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Girðing um svæðið er rofin á einum stað og aðgengi að svæðinu því ekki takmarkað. Samkvæmt ákvæði 2.1 í starfsleyfi skal svæðið vera afgirt og aðgangur að svæðinu takmarkaður. Gott viðhald skal vera með girðingu og bendir stofnunin á að gera úrbætur þar á sem allra fyrst.

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Samkvæmt ákvæði 2.11 í starfsleyfi skal hreinn aðskilnaður vera milli úrgangsflokka. Í bréfi dagsettu 10. apríl 2015. veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 1. júní 2015 til að koma þessu í rétt horf. Í eftirlitinu var staðfest að úrbótum varðandi þetta frávik er ekki lokið. Þetta frávik hefur nú verið staðfest í eftirliti í sjötta sinn.

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Flutningsker fyrir spilliefni eru ekki merkt á fullnægjandi hátt. Samkvæmt ákvæði 3.4 í starfsleyfi skulu geymar sem notaðir við geymslu spilliefna merktir á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra. Einnig skal nota viðeigandi flutningsker við flutning spilliefna skv. gr. 16 í reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi.

Gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir undangengið almanaksár ár fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður skráninga hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Gr. 5.5 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila árlega til Umhverfisstofnunar. Grænu bókhaldi fyrir árið 2016 hefur ekki verið skilað.

ATHUGASEMDIR

Athugasemdir eru gerðar við umgengni við lóðamörk, utan girðingar. Rekstraraðili skal hreinsa upp múrbrot og rusl sem fokið hefur í frárennislæk sem allra fyrst. Ekki er heimilt að geyma úrgangsefni né

gáma utan girðingar.

ANNAÐ

Bent er á að tæma þarf olíuskilju og gera mælingar á frárennslisvatni bæði fyrir og eftir tæmingu.

Minnt er á að skv. gr. 2.10 skulu óhreinsuð ökutæki ekki vera staðsett nær skemmu en 8 metrum.

Nýir eigendur komu að rekstri Hringrásar í janúar sl. og eru þeir mjög áhugasamir um gott samstarf með eftirlitaðilum að sögn rekstraraðila.

Viðstödd eftirlitið var einnig María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Daði Jóhannesson frá Hringrás.

Reykjavík, 20.06.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir